

Nd.

174. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Peim, sem hafa rjett til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, er óheimilt að nota til veiða umhverfis landið erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabíl að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sjer stað.

2. gr.

Ákvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, haldast óbreytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.